

Ásgeir Jónsson

Desember 2011

## Sæmundur fróði og íslenska menningarbyltingin

Á fyrstu árum kristni á Íslandi léku ýmsir vindar um Ísland. Hér voru þýskir, enskir, franskir, írskir og jafnvel grískir biskupar. Þetta er myrkt tímabil sem fátt er vitað um. Engum þessara erlendu biskupa hefur verið skipað sérstakt rúm í Íslandssögunni þrátt fyrir að sumir þeirra hafi dvalist hér um áratuga skeið og voru taldir með betri klerkum kaþólsku kirkjunnar. Það er athyglisvert hve engilsaxnesk áhrif hafa samt verið ríkjandi þrátt fyrir að landið heyrði undir erkibiskupinn í Brimum. Það sést meðal annars af því að fjölmörg orð í kirkju – og bókmáli eru komin vestur þaðan úr engilsaxnesku í íslensku, s.s. klerkur, messa, bók, stafur, letur og svo framvegis. Íslendingar tóku einnig upp engilsaxneskt stafróf og þar með stafina þ og ð svo dæmi sé tekið. Helstu boðberar þessara vestrænu áhrifa voru gleymdur normannskur biskup á Bæ í Borgarfirði og Sæmundur fróði.

Sæmundur fróði var fyrsti Norðurlandabúinn til þess að stunda formlegt skólanám í Frakklandi er þá var leiðandi skólahaldi í vestrænni kristni. Samtímaheimildir eru einróma um Sæmund. Hungurvaka kallar hann „forvitri og lærður allra manna best“. Kristni saga er hann kallaður „bestur klerkur sem verið hefur á Íslandi“. Í Jóns biskups sögu hins helga er Sæmundur kallaður „mestur nytjamaður Guðs kristni á þessu landi“. Það fór heldur ekki á milli mála að Sæmundur flutti dýrmæta þekkingu til landsins er kom aftur til sinnar fósturjarðar árið 1076 og auknefnið „fróði“ kom ekki til af engu.

Tveimur áratugum eftir heimkomuna stóð Sæmundur á Alþingi og flutti „tölu“ fyrir þingheimi til að biðja landsmenn um að greiða tíund til kirkju og fátækra og nærri aldarhelmingi síðar átti hann þátt í því að rita upp lög fyrir íslensku kirkjuna. Ennfremur, ritaði Sæmundur fyrstu bókina sem rituð var á Íslandi en hún var á latínu og var ek. Norræn konungasaga.

Á sinni löngu ævi – en Sæmundur lést árið 1133 áttæður að aldri – var hann lykilmáður í öllum helstu atburðum héraendis um sína daga og arkitekt hinnar ungu íslensku kirkju. Síðar áttu afkomendur Sæmundar og skjólstaðingar Oddaverja eftir að sækja menntun í ríki normanna. Þetta

átti til að mynda við Þorlák hin helga Þórhallsson sem stundaði nám í París og síðar í klaustrinu Lincoln í England. Þorlákur var alinn upp í Odda undir handarjaðri Eyjólfss, sonar Sæmundar. Pál Jónsson (langafabarn Sæmundar) stundaði einnig nám í Englandi.

Sigfús, faðir Sæmundar var bæði prestur og goðorðsmaður í Odda á Rangárvöllum. Annars er litið vitað um hann og Sæmundur sprettur fram í Íslandssögunni sem ættarlaukur Oddaverja. Hann var goðorðsmaður og prestur og stóð sem slíkur nær jafnfætis Skálholtsbiskupi. Með sína frönsku menntun í farteskinu heppnaðist Sæmundi hinum fróða að gera Odda að öðrum pól á Suðurlandi andspænis Skálholti og Haukdælum – hvort sem miðað er við völd eða menntir.

Oddaverjar urðu áhrifamestir af höfðingjaættum þjóðveldisins og undir þeirra vakt hélst stöðugleiki í þjóðveldinu. Sonur Sæmundar, Loftur kvæntist Þóru laundóttur Magnúsar Noregskonungs berfætts. Sonur þeirra, Jón (f. d), hefur oft verið nefndur hinn ókrýndi konungur landsins – svo áhrifamikill var hann um sína daga. Viðhorf Oddaverja til sjálfs sín og Sæmundar hins fróða endurspeglast í orðum Jón Loftssonar þegar Þorlákur biskup hinn helgi birti honum bréf erkibiskupsins í Noregi um kirkjujarðir á Ísland: Jón sagði „Heyra má ég erkibiskups boðskap en ráðinn er ég í að halda hann að engu, – og eigi hygg ég, að hann vilji betur né að viti en mínir foreldrar, Sæmundur hinn fróði og synir hans.“

Hámarki náð veldi Oddaverja er Páll sonur Jóns Loftssonar varð biskup í Skálholti og þeir höfðu þannig skákað Haukdælum. Hins vegar lá leiðin niður þegar kom fram á þrettánda öld. Sæmundur sonur Jóns tók við Odda reyndist mikill eftirbátur föður síns. Hann reyndi að fá Langalíf dóttur Haralds jarls Maddaðarsonar í Orkneyjum fyrir konu en það gekk ekki eftir. Haukdælir áttu eftir rísa aftur upp með Gissuri Þorvaldssyni er átti eftir að reynast Oddverjum ofjarl. Árið 1273 lét Gissur drepa síðasta ættarhöfðingja þeirra Oddaverja, Andrés Sæmundsson og er ættin þá þrotin að völdum. Þrátt fyrir þaður sitt við erlenda kongunga og erlenda síðu studdu Oddaverjar þjóðveldið – eða kannski öllu heldur goðaveldið – með ráðum og dáð og voru með þeim síðustu til þess að sverja Noregskonungi hollustu.

## Týndur í útlöndum

„Á þeim dögum kom Sæmundur Sigfússon sunnan af Frakklandi hingað til lands ok lét síðan vígjast til prests.“

Svo segir Ari hinn fróði í Íslendingabók sinni um lögsögu Sighvats Surtssonar 1076-1083. Ari var ekki gefinn fyrir að eyða kálfskinni að óþörfu. Íslendingabók hans er ákaflega stutt og gagnorð og þar hefur hver einasta setning gullvægi. Heimkoma Sæmundar var ekki aðeins mikilvægasti atburðurinn á átta ára lögsögutíma Sighvats heldur einn af örfáum atburðum á síðari hluta elleftu aldar sem Ara fannst verður til þess að festa á bókfell og er á borð við biskupsvígslu svo dæmi sé tekið. Útkoma Sæmundar var ef til svo frétt næm vegna þess að hann hafði týnst í útlöndum en ekkert hafði spurst til hans frá því hann fór barnungur utan. Frændur hans í Rangárbíngi höfðu þess vegna gert út sérstakan mann til að „spyrja hann uppi“ í Frakklandi. Það var jafnaldri hans, leikfélagi og frændi Jón Ögmundsson, síðar biskup á Hólum í Hjaltadal og enn síðar dýrlingur Norðlendinga. Jón gekk til „Róms“ sem pílágímur en leitaði uppi Sæmund á bakaleiðinni.

Í sögu Jóns er því svo lýsti hann hafi spurt Sæmund uppi á bakaleiðinni þar sem hann „var með nokkurum ágætum meistara, nemandi þar ókunniga fræði, svá at hann týndi allri því er hann hafði á æskualdri numið og jafnvel skírnarnafni sínu“.Gekk Sæmundur þá undir nafninu „Kollur“. Hafa verður í huga að Jón saga hins helga var upphaflega rituð á latínu og síðan þýdd á íslensku en aðeins þýðingin er varðveitt. Mannsnafnið „Kollur“ er því einhver afbökun á latínsku nafni. Helgi Guðmundsson hefur komið með tilgátu að hér sé um ræða gælunafið *Col* sem sé stytting á nafninu *Nicholas*. Hafi þá Sæmundur tekið nafn eftir verndardýrlingi sínum, en síðar átti hann eftir að reisa kirkju í Odda og helga hana heilögum Nikulási.

Íslenskar heimildir kalla þau *ókunnugu fræði* sem Sæmundur lærði „astronomiam – þat er stjörnuíþrótt“. Jón gat vakið minni Sæmundar og látið hann kannast við „sig og ætt sína“. Það fyrsta sem kom upp í huga Sæmundar var hóll sá hjá Odda er hann lék sér í æsku (sem heitir Gammabrekka) og síðan komu æskuminningar og móðurmál brátt til baka. Sæmundur var þó ekkert sérstaklega á því að yfirgefa meistara sinn og snúa aftur til Íslands, en Jón fékk hann þó til þess með fortölum. Í sögu Jóns biskups er það talið með helstu afrekum Jóns hins helga að hafa „spanað“ Sæmund með sér heim aftur.

Saman komu þeir félagarnir þó heim til Íslands – líklega um 1076 – en Ari nefni aðeins útkomu Sæmundar en ekki Jóns í Íslendingabók sinni.

Við heimkomu Sæmundar hófst hin íslenska gullöld eða sú undarsamlega sameininga klassískra mennta og norrænnar menningar sem átti sér stað hérlendis á tólftu og þrettánda öld hérlendis. Hvað var frumleika og þýðingu fyrir heimsbyggðina risu bókmenntir landsmanna hæst á þessum tveimur síðustu öldum þjóðveldisins. Í stað þess að kirkja og klassískar menntir eyddu hinum gamla germanska og heiðna menningararfi eins og gerðist í öðrum norðlægum löndum sem snerust til kristni þá má segja að norrænar menntir hafi haldið áfram að þroskast undir handarjaðri kirkjunnar og komust í blað sem bókmenntaverk og/eða heimildarrit.

Sæmundur sjálfur lagði hér gerva hönd plóg með því að rita fyrstu íslensku bókina. Hún var annað hvort konungasaga eða Veraldarsaga þar sem norræn saga var tímasett miðað við Kristsburð og Evrópska stórviðburði. Ritið var annað hvort á latínu eða íslensku. Það er nú glatað en var velþekkt meðal samtíðarmanna. Víða er vitnað til Sæmundar í hinum elstu íslensku sagnfræðiritum og annálum og þá yfirleitt þegar farið er með tölur, stærðir og tímatal. Rit Sæmundar virðist hafa sá steinn sem Ari hinn fróði og íslensk sagnaritun átti eftir að byggja hús sitt á. Það er heldur engin tilviljun að mesti rithöfundur þjóðarinnar, Snorri Sturluson, var alinn upp frá þriggja ára aldri í Odda, á höfuðbóli Sæmundar og í fóstri hjá barnabarni hans. Í Odda drakk Snorri í sig þennan sérkennilega blending af latínskum og norrænum menntum er var aðalsmerki íslensku gullaldarinnar.

Það þarfasta sem Sæmundur vann í haginn fyrir gullöldina fólst líklega í því að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir sagnaritun með tíundarlögunum 1096. Sú venja að greiða tíund, eða 10% af tekjum, til kirkjunnar var vitaskuld velþekkt í hinum grónari löndum kristinnar í Evrópu. Hin íslensku tíundarlög voru aftur á móti einstök þar sem þau voru eignarskattur sem var sniðin að þjóðfélagi án konungs og ríkisvalds. Strangt til tekið var það á móti reglum kirkjunnar að taka gjald af dauðu fé og síðar þurftu Íslendingar fá sérstaka undanþágu eða Páfabréf fyrir lögmæti sinnar tíundar. En röksemdarfærsla tíundarlaganna var einföld; Tíundin var 10% fjármagnstekjuskattur. Reiknað var með því að fjármunir gæfu af sér 10% vexti árlega og 10% fjármagnstekjuskattur jafngildi því 1% eignaskatti. Sem skattalöggjöf var tíundin hreint meistarastykki er var gildi hérlendis í rúm 800 ár eða til ársins 1914. Það er ekki ofmælt að á þessum 800 árum hafi Ísland verið með skilvirkasta og líklega sanngjarnasta skattakerfið í Evrópu þar sem skattbyrðin fór eftir efnahag manna.

Þjóðveldið var 166 ára þegar tíundin var samþykkt og í fyrsta skipti skapaðist svigrúm fyrir skrifandi hendur er lifðu á skatttekjum. En tíundin skiptist í fjóra staði; til biskups, presta, kirkna og fátæklinga. En þar sem

höfðingjar landsins áttu kirkjurnar og réðu presta sem hverja aðra launamenn til þess að messa var í raun svo í reynd að höfðingjarnir tóku helming af tekjunum, biskupinn fjórðung og fátæklingar annan fjórðung. Tíundin kom því bæði fótum undir bæði kirkju og höfðingjaveldi hérlendis. Og nú skapaðist efnalegt svigrúm fyrir fræðiiðkun og ritun bókmenna á klaustrum jafnt sem höfuðbólum höfðingja. Tíund og skinnbækur rötuðu nær samtímis inn í Íslenska sögu.

## **England eða Frakkland**

Jón Ólafsson Grunnvíkingur lýsti eitt sinn söguþræði Íslendingasagna með einni einfaldri setningu „bændur flugust á“. Með sama hætti er hægt að lýsa Íslandssögunni, fyrir daga nútímans, sem ættarsögu. Þetta á sérstaklega við um upphaf íslenskrar kirkju sem hægt er að skrifa sem sögu tveggja ætta, Haukdæla í Árnesþingi og Oddaverja í Rangárþingi. Eins og kunnugt er var Gissur hvíti Teitsson var einn forvígismönnum kristnitökunnar hérlendis. Hann var af ætt Haukdæla og sat í Skálholti. Haukdælir röktu ættir sínar til Noregskonunga og náðu að komast í fremstu röð höfðingja hérlendis með stuðningi við kirkjuna og með því að gera ættaróðalið í miðju héraðsríkinu að biskupstól.

Ísland komst undir erkibiskupsstólinn á Brimum (Bremen) sem stendur við mynni árinna Weser í Saxlandi árið 1020. Strax í kjölfarið ákvað Gissur hvíti að senda Ísleif son sinn til mennta í nunnuklaustri aðeins ofar í ánni Weser, til Herfurðu í Saxlandi (Hervorden in Westphalen) í umsjá abbadísar einnar. Ísleifur var fæddur 1006 og er því fyrsti Íslendingurinn sem fer utan í formlegt skólanám. Hann kom heim frá námi árið xxx. Líklega hefur ætlun Haukdæla að Ísleifur yrði brátt biskup í nýju íslensku biskupsdæmi en hins vegar varð nokkur bið á þeim. Því næstu áratugi voru það norsk stjórnsmálaólga sem réðu biskupum á Íslandi.

Svo vildi til að árið 1015 sneri Ólafur hinn digri Haraldsson Noregskonungur aftur til Noregs eftir að hafa dvalist um árabíl við ýmis vígaferli í Englandi. Með honum úr vesturvíking komu 4 biskupar sem áttu koma skikk á kristnina í Noregi sem enn var hálfheiðið land. Tveir þeirra áttu eftir að dvelja á Íslandi. Sá fyrri, Bjarnharður (Bernard) Vilráðsson hinn bókvísi var sendur til Íslands árið 1018. Hann var engilsaxi og virðist hafa dvalist hér í fimm ár. Sá seinni, Rúðólfur (Rudolph), kom hingað 1030 og dvaldist í 19 ár eða til 1049. Rúðólfur var normanni frá Rúðuborg í Normandy sem var í þann tíma norrænt/franskt hertogadæmi. Normandy (Norðmandí samkvæmt

íslenskum fornsögum) varð til um 911 þegar norðmaðurinn (daninn?) Göngu-Hrólfur fékk land og jarlstign við mynna Signu í skiptum fyrir halda uppi landvörn gegn víkingum. Norrænir menn mynduðu upphaflega yfirstétt í héraðinu – Normanna – en runnu brátt saman við innfædda og tóku upp franska mállýsku héraðsins. Rúðólfur fékk þó skamman starfsfrið í Noregi þar sem Ólafur hrakist frá völdum árið 1028. Í kjölfarið leitaði Rúðólfur ásjár hjá Brimabiskupi er sendi hann rakteitt til Íslands. Þannig endaði hinn tigni normanni á Bæ í Borgarfirði sem biskup Íslendinga um það leyti sem Ísleifur Gissurarson var 22 ára gamall. Skipan Rúðólfs hefur líklega lokað leiðinni fyrir Haukdæli að stofna sérstakt íslenskt biskupsdæmi um tveggja áratuga skeið.

Rúðólfur var hinn merkasti maður þó næsta fátt sé vitað um 19 ára veru hans hérlendis. Hann var af tignum ættum meðal Normanna. Ólafur hinn digri hafði einmitt tekið sér frí frá hernaði og haft vetursetu í Rúðuborg (Reuen) 1013-1014 í góðu yfirlæti með Rúðujörlum. En þó þeir Rúðujarlar gættu þess að víkingar herjuðu ekki á Frakkland höfðu þeir fátt á móti því að veita þessum sömu víkingum friðland til þess að herja á önnur lönd, s.s. á England hinum megin við ermasundið. Það var þennan vetur sem Ólafur tók kristni og var skírður af erkibiskipnum sjálfum í dómkirkjunni í Rúðuborg. Rúðólfur var frændi þeirra Rúðujarla og líklega prestur við téða dómkirkju þar í borg. Í kjölfarið á skírn Ólafs var hann vígður sem biskup og sendur með til Noregs – væntanlega til þess að vera höfuð norskrar kirkju. Rúðólfur tók síðan við Maríukirkju þeirri er Ólafur lét reisa í Sarpsborg í Noregi.

Rúðólfur virðist hafa haldið skóla á Bæ í Borgarfirði og menntað þar fyrstu kynslóð íslenskra kennimanna og þar með talinn Sigfús Loðmundarson frá Odda á Rangárvöllum, föður Sæmundar fróða. Svo virðist sem kynnin við Rúðólf hafi opnað leið vestur um haf til fremdar og lærdóms, því allir helstu kirkjumenn af fjölskyldu eða fóstri Oddaverja áttu síðar eftir að mennta sig í Englandi og Frakklandi. Hægt er að líta á það sem svar Oddaverja við upphefð Haukdæla í Saxlandi. Rúðólfur sjálfur fékk þó uppreisn æru eftir 19 ár á Íslandi þegar frændi hans, Játvarður hinn góði varð Englandskonungur (móðir Játvarðs Emma var af ætt Rúðujarla). Rúðólfur fór til Englands árið 1049 og var skipaður ábóti í klaustrinu í Abingdon ári síðar sem var mikil virðingastaða. Hann hefur þá verið hniginn að aldri og lést 1052. Kristnisaga segir að Rúðólfur hafi skilið eftir þrjá munka í Borgarfirði er hann hélt af landi brott.

Við brotthvarf Rúðólfs opnaðist loks leiðin fyrir Ísleif að stofna biskupsdæmi hérlendis. Að vísu kom smá babb í bátinn við valdatöku Haralds harðráða í Noregi 1047 er sendi nýjan flóttabiskup til landsins. En Bjarnharður hinn saxneski Noregsbiskup sem sá sér þann kost

vænstan að forða sér undan Haraldi til Íslands árið 1048. Hann sat í Vatnsdal á Norðurlandi í ein nítján ár eða þar til þess að Haraldur konungur féll og konungaskipti urðu aftur í Noregi. En vígslubarátta Haukdæla komst samt vel á skrið. Árið 1055 fékk Ísleifur sig kjörinn biskup á Alþingi og fór síðan utan til Þýskalandskeisara með hvítabjörn að gjöf. Keisarinn tók honum vel og sendi hann áfram til Páfagarðs með verndarbréf. Þar syðra fékk Ísleifur veitingu sem biskup og var síðan vígður á Brimum 1056. Ísleifur sat sem biskup á eignarjörð sinni í Skálholti. Fyrstu tíu árin af biskupstíð hans sat Bjarnharður einnig fyrir norðan og því voru tveir biskupar í landinu. (Líklega hafa Norðlendingar vísað til þess síðar þegar fóru fram á að fá sinn eigin biskupstól settan í Skagafirði.)

Eftir Ísleif var Gissur sonur hans biskup og í framhaldi var biskupstólinn settur niður í Skálholti í umsjá Haukdæla langt fram eftir tólftu öld. Svar Oddaverja og Rangæinga fólst í því að senda Sæmund út og reyna að slá nágrönnnum sínum í Árneshöfði við í bókviti og kennimennsku. Síðar áttu Oddaverjar einnig eftir að ná þeim einstæða árangri að kvænast inn í norsku konungsfjölskylduna og sóknin í upphefð að utan átti einnig eftir að sýna sig í þeirri nýlundu að skýra börn sín eftir erlendum konungum líkt og Filippus, Kristófer, Karlamagnús og svo framvegis. Magnús Agnarr Andrésón af ætt Oddaverja er einnig fyrsti maðurinn héraendis er var skírður tveimur nöfnum að erlendum sið. Allt ber þetta að sama brunni – hér voru Oddaverjar að reyna að skáka hinum konungbornu og krísthollu Haukdælum.

Sæmundur hinn fróði fæddist sama ár og Ísleifur var vígður biskup eða 1056 (1054 samkvæmt sumum heimildum). Sögnin um nám og heimkomu hans hefur síðar gengið í ýmsum útgáfum í þjóðsögum allt fram á síðustu tíma. Samt bendir allt til þess að megin kjarninn í sögunni sé réttur. Sæmundur var sendur mjög ungur til náms þar sem hann missti tenginguna við fósturjörð sína. Líklega hefur Sæmundur því fært sig á milli staða frá því hann kom fyrst út fyrst að Oddaverjar voru greinilega ekki alveg vissir hvar hann dvaldi.

Á síðari árum hefur mjög verið velt vöngum um hvar Sæmundur stundaði nám. Ljóst að það var ekki í Sorbounne (Svartaskóla) eins og stundum er haldið fram þar sem sá skóli var ekki stofnaður fyrr en eftir daga Sæmundar. Einnig er ekki endilega líklegt að Sæmundur hafi stundað nám í París líkt og seinni tíma annálar halda fram, enda var París í sjálfu sér ekki orðinn nein sérstök miðstöð mennta á þeim tíma. Sumir hafa jafnvel haldið því fram að Sæmundur hafi í raun stundað nám sitt í Þýskalandi eða í hertogadæminu Franconiu á efri Rínar svæðinu er kallaðist einnig Franken. Er þetta byggt á því að orð Ara fróða um

"Frakkland" hefði alveg eins geta átt við þetta hertogadæmi líkt og Frakkland sem við þekkjum í dag. Önnur rök er í sjálfu sér ekki til staðar nema þá aðeins að Oddaverjar hljóti að hafa sent sinn mann til Þýskalands líkt og Haukdælir. Nú að Jón Ögmundsson hljóti að hafa spurt Sæmund uppi ekki langt frá venjulegri leið pílagraíma til Rómar sem lá í gegnum Þýskaland. Allt ber þetta vott um einlægán áhuga á því að koma Sæmundi fyrir í skóla annars staðar en í Frakklandi og þar virðist hugurinn bera menn hálfá leið. Sæmundur kann að hafa stundað nám í Franconiu fremur Frakklandi nútímans. Það kannski breytir ekki öllu. Hins vegar verður ekki vart við neinar tengingar á milli Sæmundar, Oddaverja eða yfirhöfuð Íslands við títtnefnt Frankenland. Aftur á móti eru töluverðar tengingar á milli Oddaverja og Normandy eða hins Normanska Englands. Hér komum við aftur að Rúðólfi biskup.

Þegar Sæmundur varð 10 ára (12?) urðu þau miklu tíðindi að Rúðujarlar fóru yfir sundið með riddaralið undir forystu Vilhjálms Bastarðs og unnu England af Engilsöxum. Þeir hafa setið þar síðan við völd sem konungar. Þegar Sæmundur komst á skólaaldur höfðu frændur Rúðólfs, náð völdum yfirráðum á Englandi. Jafnframt tóku normannskir klerkar stjórnina í ensku kirkjunni. Rúðólfur sjálfur var þó látinn fyrir nokkru en nafn hans hlaut samt sem áður að opna ýmsar gættir meðal frænda hans og reglubræðra í ríki normanna. Kannski hefur Sæmundur upphaflega verið sendur til Englands en síðan farið yfir sundið á námstíma sínum til Frakklands og þess vegna misstu Oddaverjar sjónar af honum. Eiríkur Magnússon í Cambridge kom til að mynda með þá kenningu að Sæmundur hefði stundað nám í klaustrinu í Bec í Normandy sem einmitt var helgað heilögum Nikulási. Þar fyrir utan Jón Ögmundsson dvaldist í Danaveldi á leið sinni til baka úr Rómarferð sinni. Á milli Danmerkur og Norðmandy var gott verslunarsamband og því varla meira en krókur að spyrja uppi Sæmund í ríki Normanna.

## **Meistarastykki Sæmundar**

Íslandssagan greinir frá nokkrum frægum ræðum á Alþingi sem voru fluttar við tímamótaákvörðanir þjóðveldisins. Þekktasta þingræðan er líklega sú sem flutt var af Þorgeiri Ljósvetningagoða er hann mælti fyrir lögtöku Kristni árið 1000. Hafði þá Þorgeir legið undir feldi í nær einn sólarhring til þess að finna málamiðlun sem tryggði að „ver hofum allir ein lög ok einn sið“, samkvæmt Íslendingbók Ara fróða þar sem úrdráttur úr „tölu“ Þorgeirs er birtur. Einnig væri hægt að minnst ræðu Einars Þveræings á Alþingi árið 1024 sem mælti gegn því að Ólafi Haraldssyni Noregskonungi yrði gefinn Grímsey. Þá ræðu þekjum við í endursögn



Snorra Sturlusonar í Heimskringlu sem hefur mjög haldið nafni Einars Þveræings á lofti síðan. Margt bendir þó til þess að heimild Snorra hafi verið vísa er Einar kastaði fram á Alþingi en var færð inn í Heimskringlu með skáldlegu innsæi og pólitískri skírskotun til ásælni Noregskonungs hérlendis á Sturlungaöld.

Hins vegar virðist sem ein áhrifamesta þingræða þjóðveldisins hafi fallið í gleysku og dá, en það er sú tala sem Sæmundur fræði Sigfússon flutti er hann mælti fyrir lögtöku tíundar árið 1096 (eða 1097 að sumra áliti). Við vitum ekki efni ræðunnar. Aðeins eftir að Sæmundur lauk henni var gengið til atkvæða og tíundin samþykkt. Ari hinn fróði er stutturður – eins og ávallt – í Íslendingabók sinni og segir að landsmenn hafi samþykkt tíundarlögin af „ástsæld“ þeirra við Gissur biskup Ísleifsson eftir ræðu („tölu“) Sæmundar og með „umráði“ Markúsar lögmanns Skeggjasonar. Markús og Sæmundur virðast því hafa skipt með sér verkum þannig að Sæmundur hefur séð um útskýringu laganna fyrir almenningi en Markús séð um pólitískar þreifingar meðal goðanna. Líklega hefur ræða Sæmundar verið bæði þurrlegri og tæknilegri en hjá þeim norðlendingum Þorgeiri og Einari og því ekki eins til þess fallin að rita niður á bókfell. Sæmundur var líka að útskýra skattalöggjöf og ef til vill hefur lítið farið fyrir fleygum setningum. Og þá Sæmundur hinn fróði hafi fengið hrós fyrir margt um sína daga var hvergi minnst á málsnilld enda var þetta maðurinn sem nær því týnt niður móðurmáli sínu suður á Frakklandi.

Það er eilítið sérstakt að það skyldi vera hið konunglausu Ísland sem varð fyrst meðal Norðurlanda að taka upp tíundarskatta. Nokkru fyrr hafði Knútur hinn helgi Sveinsson Danakonungur lagt tíundarlög fyrir sína þegna en við afskaplega slæmar undirtektir. Danir álitu slíka skattheimtu ófrelsi og áþján og tíundin varð síðan til þess að Jótar gerðu uppreisn og drápu Knút konung sinn sléttum 10 árum fyrir þingið 1096. Á Íslandi var engin konungur eða fastaher til þess knýja landsmenn til þess að greiða skatta, líkt og ytra, þeir urðu að samþykkja nýja skatta sjálfviljugir. Og það gerðu þeir 1096

Tæplega tveimur öldum síðar þegar Íslendingar höfðu gengið Noregskonungi á hönd lentu landsmenn í deilu við umboðsmann konungs á Alþingis um skatta, verslun og fleira. Í þeirri orðasennu lýsti erindreki Noregskonungs því yfir að tíundarlögin bryti gegn lögum kirkjunnar um okur þar sem Íslendingar væru að skattleggja "sssss beltissylgjur" en við hörð mótmæli landsmanna. En snilld tíundarlaganna fólst í einfaldleikanum og að skattleggja allar eignir fólks. Íslenska þjóðveldið var þjóðfélag án framkvæmdavalds eða ríkisvalds í nútímaskilningi. Mun auðvelda er að meta og virða eignir en tekjur og þannig gerði tíundin ekki

kröfu um sérstök stétt skattheimtumanna eða önnur kostnaðarsöm innheimta yrði að koma til. Menn voru látnir virða eignir sínar frammi fyrir nágrönnum sínum á hreppsþingum og höfðu því aðhald til þess að skýra rétt frá. Lögin voru einnig hagkvæm að því leyti að lágir eignaskattar truflar gang efnahagslífsins mun minna en aðrir skattar, s.s. eins og tollar eða sala á fríðindum eða sláttur (prentun) peninga, er voru svo algeng tekjulind konunga á fyrri tíð. Loks voru lögin réttlát að því leyti að þegnar landsins voru skattlagðir eftir efnahag – hinir ríku greiddu mest. Jafnvel enn í dag eru tíundarlög íslenska þjóðveldisins mun hagkvæmari og réttlátari en skattalöggjöf margra nútímaríkja.

Haukdælir fengu biskupdæmið en með því komu fáir tekjustofnar aðrir en greiðslur fyrir embættisverk. Ísleifur Gunnarsson bjó ætíð við erfiðan fjárhag sem biskup og það blasti við syni hans og eftirmanni að finna tekjustofn fyrir kirkjuna. Það varð aðeins gert í bandalagi við stjórnmalastéttina. Íslandi var stjórnað af goðum – eða goðorðsmönnum – sem hittust á lögþingum og fóru sameiginlega með löggjafar og dómsvald í þjóðveldinu. Vald þeirra – goðorðið – var upprunið í heiðninni þegar goðarnir höfðu upprunalega séð um fórnir og blótveislur og þegið hofþolla fyrir. Með kristninni höfðu þeir aflagt hofin en byggt Guðshús í staðinn með því loforði að þeir kæmu jafnmörgum til himna og komist gætu fyrir kirkjunni. Goðavaldið stóð aftur á móti óhaggað í hinum nýju guðshúsum. Sumir goðann höfðu sjálfir tekið prestvígslu en aðrir einfaldlega réðu presta, líkt og önnur vinnuhjú, til þess að sjá um helgihaldið.

Samkvæmt lögnum áttu tekjur af tíundinni að skiptast í fjóra staði. Einn hlutur til kirkjunnar (biskupstíund), annar til presta (prestatíund), þriðju til kirkna (kirkjutíund) og sjá fjórði til fátækra (fátækra tíund). En þar sem goðarnir áttu jafnframt kirkjurnar og voru með prestana í vinnu, mátti í raun segja að helmingur tíundarinnar rynni í þeirra vasa. Aukinheldur voru kirkjueignir undanþegnar tíundinni sem fól í sér skattfrelsi fyrir goðanna. Þeir stofnuðu jafnframt eignarhaldsfélög í kringum kirkjurnar og færðu þangað eignir sínar til þess að þurfa ekki að greiða skatt af þeim.

Þó aðeins fjórðungur tíundarinnar rynni til biskups „hefur eigi annarr slíkur grundvöllur verið auðræða og hæginda í Skálaholti sem tíundargjaldið“ segir í Hungurvöku. Aðeins 10 árum eftir samþykkt tíundarlaganna árið 1106 var talið svigrúm til þess að stofna annan biskupsstól á Hólum í Hjaltadal með tíundargreiðslum úr Norðlendingafjórðungi. Og Hólabiskup var þrátt fyrir það svo vel

haldinn að árið 1112 gat hann séð af tíundagreiðslum á milli Vatnsdalsár og Hrútafjarðarár til þess að stofna klaustur að Þingeyrum. Þannig kom tíundin fótum undir íslenska klerkastétt á fremur skömmum tíma. Kirkjan reyndi vitaskuld að drýgja tekjurnar enn frekar með frjálsum framlögum og áheitum á helga menn. Fyrst var notast við helga menn í útlöndum, s.s. eins og Ólaf helga (digra) Noregskonung sem hafði þó verið mjög fjarri því að hegða sér sem helgur maður í lifanda lifi. Brátt leið þó að því að íslenskir menn væru grafnir upp. Síðar áttu kirkjunnar þjónar eftir að gerast enn fjárfrekari og hirða eignir af mönnum með nauðung, en það er önnur saga.

Samkvæmt heimildum frá þrettánda öld virðist biskupstíund Skálholts (sem var þá fjórðungur af heildartíundargreiðslunum) hafa verið 200-250 kýrverð (x álnir) á ári. Heildarskattgjaldið af tíundinni var því á bilinu 800 til 1000 kýrverð og heildarvirði eignastofnsins í landinu 80-100 þúsund kýrverð samkvæmt þessu. Hægt er að bera þetta saman við prestlaun voru á bilinu 1,5 til 4,5 kýrverð. Biskupstíundin ein og sér dugði því fyrir launum 50 til 150 kennimanna eftir því hvaða launastiga Skálholtsbiskup notaði. Til samanburðar má geta þess að ef nútíma Íslendinga myndu greiða tíund – 1% eignaskatt – af sinni eign í fasteignum væru það um 40 milljarðar króna ef miðað er við fasteignamat fyrir árið 2009 en líklega all miklu lægri fjárhæð ef miðað væri við hreina eign eða eigið fé fasteignum og skuldirnar væru dregnar frá.

Sæmundur hinn fróði er hálfgerður huldumaður í íslenskri sögu þar sem hann er viðriðinn nær alla helstu atburði landsins á sinni tíð, án þess þó að hans þáttur sé að fullu skýrður. Flest bendir til þess að hann hafi verið guðfaðir tíundarlaganna – sá sem hannaði skattheimtu sem hentaði fyrir land án konungs og framkvæmdavalds. Það var hans eigin sköpunarverk er hann talaði fyrir á Alþingi 1096. Með því hófst einn frjóasti en einnig ofbeldisfullsti tíminn í íslenskri sögu. Afrek Sæmundar fólst þess vegna í því að semja réttlátar og einfaldar reglur skattheimtu.